

## AUGLÝSING

### um nýtt deiliskipulag vegna ofanflóðavarna neðan Klifs á Patreksfirði í Vesturbyggð.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti þann 22. febrúar 2012 nýtt deiliskipulag vegna ofanflóða neðan Klifs á Patreksfirði. Vegna formgalla er eldra deiliskipulag af svæðinu sem auglýst var í B-deild Stjórnartíðinda þann 24. maí 2012 nr. 451/2012 ógilt. Nýja deiliskipulagið nær til reits sem afmarkast af hugsaðri línu dreginni ofan við grunnskóla, kyndistöð og heilbrigðisstofnun. Gert er ráð fyrir að reisa 250 m langan þvergarð/varnargarð ofan byggðarinnar milli Vatnseyrar og Geirseyrar. Þvergarðurinn verður 10-12 m hár og er heildarrúmmál hans um 42.000 m<sup>3</sup>. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Vesturbyggðar er svæðið sem skipulagið nær til skilgreint sem óbyggt svæði.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

*Vesturbyggð, 15. febrúar 2013.*

**Pórir Sveinsson**, starfandi bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 15. febrúar 2013